

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1553*  
*komudagur 8.4.2014*



Alþingi  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
(sent á rafrænu formi á [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is))

Dags: 8. apríl 2014

**Umsögn um Frumvarp til laga nr. 71/2008 um fiskeldi með síðari breytingum um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (flutningur verkefna, stofnun sjóðs o.fl.). Þingskjal 609, 319. mál sem lagt var fyrir Alþingi á 143. Löggjafarþingi 2013-2014.**

**Frá : Atvinnubrúnaðarfélagi Vestfjarða (Atvest), Valgeir Ægir Ingólfsson, verkefnastjóri.**

Í 1.kafla 1.gr 2. liður. er lagt til í frumvarpi að við 3. gr. laganna bætist við tvær nýjar skilgreiningar, í viðeigandi stafrófsröð, svohljóðandi:

„2. *Sjókvíaeldissvæði*: Fjórður eða afmarkað hafssvæði fyrir sjókvíaeldi. Afmörkun sjókvíaeldissvæða tekur á hverjum tíma mið af niðurstöðum rannsókna af dreifingu sjúkdómsvalda“.

Atvest gerir hér með tillögu um að eftirfarandi skilgreiningum verði bætt við þessa grein.

**Nýr liður í frumvarpi með breytingum í kafla 1.1.gr liður 2.verði :**

*Sjókvíaeldissvæði*: Fjórður eða afmarkað hafssvæði fyrir sjókvíaeldi, þar sem gert er ráð fyrir einum árgangi hverju sinni, þar sem möguleiki er að að fleiri en einn rekstrarleyfishafi starfræki sjókvíaeldisstöðvar á sama sjókvíaeldissvæði með skilyrtri samræmingu í útsetningu og hvíld sjókvíaeldissvæðis. Afmörkun sjókvíaeldissvæða tekur á hverjum tíma mið af niðurstöðum rannsókna af dreifingu sjúkdómsvalda. Einnig skal tekið mið af aðstæðum hvers svæðis eins og dýpt, straua, veiða og siglingarleiða.

Einnig leggur Atvest hér með tillögu að viðbót við 3.gr. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (flutningur verkefna, stofnun sjóðs o.fl.).

**Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, 4. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:**

*Svæðaskipting sjókvíaeldis.*

Áður en leyfi skv. 1.mgr. er veitt skal meginviðmið útmarka hvers eldissvæðis vera um 5 km þótt innan þess eldissvæðis geti verið styttra milli sjókvíaeldisstöðva rekstraraðila. Eftir að eldi og slátrun einnar kynslóðar á eldissvæði skal svæðið hvílt í viðunandi tíma með tilliti til umhverfis og líffræðilegra þátta. Rekstraraðillar innan sjókvíaeldissvæðis skulu samkvæmt samkomulagi innan hvers svæðis samræma áætlanir vegna útsetningar seiða og hvíldartíma með samþykki Matvælastofnunar. Náist ekki samkomulag rekstraraðila er Matvælastofnun heimilt að setja skilyrði um útsetningar og hvíldartíma kvíaeldissvæða.

Rök Atvest fyrir þessum tillögum er m.a. byggðar á meginstefnu Landsambands Fiskeldisstöðva við eldi í sjókvíum.